



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka  
sveitarfélaga

Reykjavík 30. nóvember 2021

2009015SA KB  
Málalykill: 00.15

### Efni: Uppfærsla svæðisáætlana vegna lagabreytinga

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 26. nóvember 2021 var fjallað um þær breytingar sem framundan eru í úrgangsmálum í kjölfar [nýlegra lagabreytinga](#). Stjórnin áréttaði að mikilvægt væri fyrir sveitarfélögin að hefja nú þegar undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinganna og uppfæra svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs með hliðsjón af þeim og nýlega [samþykktri stefnu](#) um meðhöndlun úrgangs. Öll útboð sem framundan eru, er varða söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs, þurfa að taka tillit til umræddra lagabreytinga.

Vert er að benda sveitarstjórnnum og stjórnnum landshlutasamtaka á að vilji er til þess af hálfu sambandsins að veita sveitarfélögum sem mestan faglegan stuðning við gerð svæðisáætlana og við undirbúning útboða. Í þessum verkefnum eru sveitarfélög um allt land að glíma við sömu eða svipaðar áskoranir og því er augljós ávinningur af auknu samstarfi sveitarfélaga í úrgangsmálum.

Hvernig mögulegum stuðningi verður háttað mun væntanlega skýrast betur á næstu vikum.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri